

# Blindtrú (Langavitleysa)

---

Spil fyrir 2 sem hentar vel ungum börnum.

**Gögn:** Spilastokkur með 52 spilum.

**Undirbúningur:** Eitt spil er dregið úr spilastokknum. Það segir til um hvaða litur (hjarta, spaði, tígull eða lauf) er tromp. Spilinu er stungið aftur í stokkinn, stokkað vandlega og spilunum síðan skipt jafnt á milli spilara.

**Gangur spilsins:** Báðir spilararnir snúa spilum sínum á grúfu og mega ekki skoða þau. Sá sem byrjar setur efsta spilið úr sínum bunka upp í loft í borðið, hinn leggur efsta spilið í sínum bunka ofan á það. Þetta gera spilarar til skiptis þar til tromp kemur upp. Þá setur sá sem ekki átti trompið eitt spil ofan á spil sem hafa gildin frá 2 upp í 10, tvö ofan á gosa, þrjú ofan á drottningu, fjögur ofan á kóng og fimm ofan á ás. Sá sem átti trompið stingur síðan öllum bunkanum á grúfu undir sín spil og setur út nýtt spil. Þannig gengur þetta þar til annar er búinn með öll sín spil og hefur hann þá tapað spilinu.